ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 21. janúar 1998 • 3. tbl. • 15. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Frá slysstað á Skutulsfjarðarbraut.

Ísafjörður

Harður árekstur á Skutulsfjarðarbraut

Um hádegisbil á mánudag varð harður árekstur milli fólksbifreiðar og strætisvagns á gatnamótum tengibrautar frá Seljalandsvegi og Skutulsfjarðarbrautar.

Ökumaður strætisvagnsins, sem kom niður tengibrautina náði ekki að stöðva við gatnamótin og rann því þvert yfir Skutulsfjarðarbraut og í veg fyrir fólksbifreið sem ók út brautina. Litlar skemmdir urðu á vagninum en fólksbifreiðin er mikið skemmd. Ökumaður fólksbifreiðarinnar var fluttur til skoðunar á slysadeild en meiðsl hans munu vera minniháttar. Hann var einn í bifreiðinni. Það var einnig ökumaður strætisvagnsins sem slapp ómeiddur.

Vátryggingafélagið

Nýr svæðisstjóri ráðinn á Ísafirði

Guðni Ó. Guðnason, viðskiptafræðingur og þjálfari úrvalsdeildarliðs KFÍ í körfuknattleik, hefur verið ráðinn svæðisstjóri Vátryggingafélags Íslands á Ísafirði frá og með 1. maí nk. Guðni tekur við starfinu af Gunnari Jónssyni, sem lætur af störfum fyrir aldurs sakir.

Frá því Guðni og fjölskylda hans fluttu til Ísafjarðar, hefur hann starfað sem fjármálastjóri hjá Sandfelli hf., á Ísafirði, en áður starfaði hann um sex ára skeið hjá aðalskrifstofu tryggingafélagsins í Reykjavík. ,,Nýja starfið leggst vel í mig. Það er alltaf gaman að takast á við ný verkefni og svo verðum við bara að sjá til hvernig gengur," sagði Guðni í samtali við blaðið.

Sandfell hf., þar sem Guðni starfar í dag, er þessa dagana að hætta heildsölurekstri á matvælum, en fyrirtækið hefur haft slíkan rekstur með höndum um 30 ára skeið.

,,Það er rétt að við erum að hætta rekstri heildsöluverslunar á matvælum og ástæðan er einfaldlega sú að slíkur rekstur borgar sig ekki lengur. Verslanirnar eru farnar að flytja inn mikið sjálfar og því verðum við að velta miklu til að hafa eitthvað upp úr þessu."

Frá og með 1. febrúar mun Sandfell því einungis stunda verslun með veiðarfæri.

Fiskiðjan Freyja hf., á Suðureyri.

Fiskiðjan Freyja hf., á Suðureyri

Nauðasamningur staðfestur fyrir héraðsdómi

Héraðsdómur Vestfjarða staðfesti á föstudag, nauðasamning Fiskiðjunnar Freyju hf., á Suðureyri, við lánadrottna á grundvelli frumvarps, samþykktu á fundi atkvæðismanna sem haldinn var 19. desember. Samkvæmt frumvarpinu mun fyrirtækið greiða 15% samningskrafna og kröfur allt að kr. 75.000,- verða greiddar að fullu. Greiðslurnar munu fara fram með reiðufé innan 3ja mánaða frá staðfestingu nauðasamnings og verða þær án vaxta. Á framangreindum fundi þurfti samþykki 85% atkvæðismanna eftir höfðatölu og fjárhæðum til að frumvarpið fengist samþykkt. Samþykkir frumvarpinu voru atkvæðismenn sem fóru með 96,97% atkvæða eftir höfðatölu og 98,76% atkvæða eftir fjárhæðum.

Heildarskuldir Fiskiðjunnar Freyju samkvæmt bókhaldi félagsins miðað við 30. september 1997 nema um 231,8 milljónum króna, en eignir eru metnar á 95,4 milljónir króna. Stærstu skuldir fyrirtækisins eru langtímaskuldir að fjárhæð tæpar 102,3 milljónir króna, afurðarlán að fjárhæð 38,8 milljónir, viðskiptaskuldir kr. 35,6 milljónir, víkjandi lán frá Byggðastofnun kr. 23,8 milljónir og yfirdráttur á tékkareikningi kr. 16,7 milljónir króna. Helstu eignir fyrirtækisins eru fiskverkunarhús ásamt lausafé og viðbygging við frystihús og lausafé sem metnar eru á 44,6 milljónir króna og vörubirgðir sem metnar eru á 34,5 milljónir króna.

Fiskiðjunni Freyju hf., var veitt heimild til að leita nauðasamninga 4. nóvember á síðasta ári. Frá þeim tíma hefur Grárófa ehf., sem er félag í eigu heimamanna, verið með reksturinn á leigu, og gildir sá samningur til 4. febrúar nk.

HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ

HELGARTILBOÐ Í ÖLLUM VÖRUVALSVERSLUNUM

VÖRUVAL

Super appelsínu- og eplasafi 69 KR. / 1 lítri

Jakobs tekex 39 KR. / 200 gr.

Þín verslun

HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564

Netfang:
hprent@snerpa.is

Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb
Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Þorsteinn Einarsson frá Tæknivali ásamt Þorgerði Kristjánsdóttur, starfsmanni Íslandsflugs á Ísafirði við uppsetningu á bókunarkerfinu.

Skrifstofa Íslandsflugs á Ísafirði

Tengist alþjóðabókunarkerfinu Amadeusi

Íslandsflug hefur að undanförnu unnið markvisst að því að styrkja stöðu sína á innanlandsmarkaði. Nýjum áfanga var náð á Ísafirði fyrir helgi þegar síðasta umboð félagsins innanlands var tengt með ISDN tengingu við móðurtölvu fyrirtækisins í Reykjavík.

Það var Tæknival hf., í Reykjavík sem sá um tenginguna ásamt starfsmönnum Landssímans. Á næstunni tengist Íslandsflug alþjóðabókunarkerfinu Amadeusi, en við það opnast leiðir til að bóka áfram í flug til útlanda og flug erlendis og á sama hátt geta ferðaskrifstofur um allan heim bókað beint í flug á Íslandi. Gífurlegar breytingar hafa orðið á rekstri félagsins að undanförnu, fyrst með opnun innanlandsflugsins í júlí, þá með tilkomu Boeing þotu, sem flýgur á hverri nóttu til East Midland flugvallar í Mið Englandi og Brussel í Belgíu.

Þá hefur önnur ATR-vélin verið leigð til Spánar til vors að hún kemur aftur inn í áætlunarflugið. Nú nýverið hóf svo félagið áætlunarflug milli Humberside í Englandi og Aberdeen í Skotlandi og er flogið þar tvö flug á dag, auk þess sem ein vél félagsins flýgur út frá Gardemoe flugvelli í Noregi.

Næstu daga tekur gildi samningur félagsins við Flugleiði um punktakerfi líkt og nú er í gangi hjá Flugfélagi Íslands. Þá býðst mönnum að safna punktum sem gilda sem greiðslur í utanlandsflug Flugleiða. Að vísu verða áfram í gildi lágmarksfargjöld hjá Íslandsflugi, kr. 3.600 aðra leið og kr. 6.900 báðar leiðir, en þá vinnast engir frípunktar. Þrátt fyrir erfiða rekstrarstöðu í innanlandsfluginu fyrstu mánuðina gengur heildarrekstur vel. Félagið hefur verið að ná betri fótfestu innanlands en í dag eru farnar þrjár ferðir milli Ísafjarðar og Reykjavíkur og er hugmyndin að fjölga ferðum síðar í vetur.

Suðureyri

Áhaldahúsið endurbyggt að hluta

Fimm tilboð bárust í endurbyggingu áhaldahúss Ísafjarðarbæjar á Suðureyri en tilboð í verkið voru opnuð fyrir stuttu. Fjögur tilboðanna reyndust yfir kostnaðaráætlun og eitt var 91% af kostnaðaráætlun og hefur verið ákveðið að ganga til samninga við lægstbjóðanda. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á kr. 5.985.118.

Tilboðsgjafar voru Eiríkur og Einar Valur hf., á Ísafirði sem buðu kr. 7.500.000.-, Ágúst og Flosi ehf., Ísafirði, sem buðu 7.829.840.-, Naglinn ehf., Ísafirði, sem bauð kr. 8.066.159.-, Trésmiðjan í Hnífsdal, sem bauð kr. 7.796.722.- og Ámi Árnason, Suðureyri, sem reyndist vera með lægsta tilboðið, kr. 5.462.704.

Í endurbyggingu hússins felst endurnýjun á aðstöðu áhaldahúss og vigtaraðstöðu hafnarvarðar auk þess sem sett verður upp snyrting fyrir smábátasjómenn.

Gleymum ekki því sem vel er gert

Leiðari

Eftir frammistöðu Kristins Björnssonar í skíðabrekkum erlendis að undanförnu er Ólafsfjörður ekki lengur bara lítil, afskekkt byggð á Íslandi, sem íslenskir skíðaunnendur hafa að vísu haft spurnir af gegnum árin fyrir afrek innbyggjara á Skíðalandsmótum liðinna ára, heldur nafn á spjöldum heimsskíðaíþróttarinnar.

Haldi fram sem horfir fjölgar fánadögum á Ólafsfirði til mikilla muna. Til hamingju með strákinn, Ólafsfirðingar!

Afrek Ólafsfirðingsins knáa er ekki hið eina sem skráð hefur nafn Íslands í heimssögu íþróttanna. Afrek Vilhjálms Einarssonar á Ólympíuleikunum í Melbourne 1956 verður minnst svo lengi sem frjálsar íþróttir verða iðkaðar á Íslandi. Hið sama má segja um afrek fjölda íþróttamanna er gert hafa garðinn frægan þótt það sé nú einu sinni svo að það séu frekast þeir sem á verðlaunapall komast, sem ekki fyrnast í tímans rás.

Engum blöðum er um það að fletta að skíðamaðurinn frá Ólafsfirði er ekki einasta búinn að stimpla nafn heimabæjarins á íþróttasíður heimsblaða heldur hefur hann með frækni sinni þjappað Ólafsfirðingum saman í órofa heild þar sem hver og einn öðlast hlutdeild í gleðinni, sem fylgir.

Ísfirðingar hafa átt marga góða íþróttamenn. Ísfirskir skíðamenn hafa lengst af verið í fremstu röð íslenskra skíðamanna þótt breiddin í þeirri grein hafi oftast verið meiri en nú. Knattspyrnan hefur því miður átt erfitt uppdráttar til margra ára og fá teikn á lofti um breytingar þar á.

Körfubolti, ein af vinsælustu flokkaíþróttum sem nú eru stundaðar, nýtur mikillar hylli hér á landi og vinsældir hans aukast sífellt. Til margra ára voru íþróttafélögin í Reykjavík og á Suðurnesjum einvöld í íþróttinni. Nú er öldin önnur.

Lið KFÍ var ekki tekið sem auðfúsugesti er það vann sér rétt til að leika í úrvalsdeildinni á sínum tíma. Og satt best að segja áttu ekki margir von á langvinnri veru liðsins í deildinni. Nema forystumenn KFÍ. Með ólýsanlegum dugnaði og óbilandi trú á því sem þeir voru að gera hafði þeim tekist hið ómögulega. Í dag efast enginn.

Árangur KFÍ í úrvalsdeildinni í vetur, að ekki sé talað um frammistöðuna í Renault bikarkeppninni, er einhver besta auglýsing sem Ísafjörður hefur fengið árum saman.

Frammistaða leikmanna KFÍ er afar jákvæð og mikilvæg fyrir bæjarfélagið. Ísafjörður er kominn á íþróttakortið.

Gleymum því heldur ekki að hér er um að ræða einhverja bestu fyrirmynd sem hægt er að bjóða æskufólki.

Þessa mætti að ósekju minnast meira en gert er.

s.h.

Slökkviliðið kveikir í...

Það var mikið bál í Strandgötunni í Hnífsdal á laugardagsmorgun er slökkvilið Ísafjarðarbæjar kveikti í þremur húsum til æfinga. Húsin höfðu áður verið notuð til æfinga, en samkvæmt samkomulagi átti að brenna þau til grunna að æfingum loknum. Lokið var við að hreinsa brunarústirnar á mánudag. Meðfygjandi mynd tók ljósmyndari blaðsins við Strandgötuna á laugardagsmorgun.

Ísafjarðarbær

Þrír sóttu um starf bæjarritara

Þrjár umsóknir bárust um starf bæjarritara Ísafjarðarbæjar en umsóknarfrestur um starfið rann út 5. janúar sl.

Umsækjendurnir þrír eru Agnes Karlsdóttir, Magnús Ólafs Hansson og Þorleifur Pálsson. Gengið verður frá ráðningu í starfið á næsta bæjarstjórnarfundi sem væntanlega verður haldinn á morgun, fimmtudag.

Ísfirðingafélagið

Sólarkaffi á föstudag

Ísfirðingafélagið í Reykjavík gengst að venju fyrir sinni árvissu sólarhátíð „Sólarkaffinu" nk., föstudagskvöld á Hótel Íslandi. Hófið hefst með rjúkandi heitu kaffi og rjómapönnukökum að ísfirskum sið. Veislustjóri verður Ómar Ragnarsson. Hátíðarræðu kvöldsins flytur Haraldur J. Hamar. Meðal skemmtiatriða verður söngur Diddúar.

Héraðsdómur

Málum fækkar

Málum sem Héraðsdómi Vestfjarða barst á síðasta ári voru 387, sem er fækkun upp á 47 mál frá árinu á undan, en þá voru þau 434. Fjöldi gjaldþrotabeiðna á síðasta ári voru 34. Sautján gjaldþrotaúrskurðir voru kveðnir upp, sjö hjá einstaklingum og tíu hjá fyrirtækjum. Fjöldi úrskurða fækkaði um sjö frá árinu á undan.

Útgerð Gunnvarar ÍS

Kaupir Guðrúnu Jóns

Ómar Ásgeirsson, útgerðarstjóri hjá Þorbirni hf., í Bolungarvík og eigandi Gunnvarar ÍS, hefur keypt Guðrúnu Jónsdóttur ÍS. Með kaupunum fylgir rækjukvóti bátsins í Ísafjarðardjúpi og hyggst Ómar flytja kvótann yfir á Gunnvöru ÍS. Þetta kemur fram í nýjasta tölublaði Fiskifrétta. Kvóti Guðrúnar Jóns nemur 39 tonnum á fiskveiðiárinu.

Hálf öld liðin frá stofnun Tónlistarfélags Ísafjarðar og Tónlistarskólans á Ísafirði

Afmælisins verður minnst fram eftir ári með ýmsum tónlistarviðburðum

Þann 20. maí nk., verða liðin 50 ár frá því Tónlistarfélag Ísafjarðar var stofnað og í október verða einnig 50 ára liðin frá því Tónlistarskóli Ísafjarðar tók til starfa undir stjórn Ragnars H. Ragnar, en 28. október á þessu ári verða liðin 100 ár frá fæðingu hans.

Til að minnast þessara tímamóta hefur Tónlistarfélagið og Tónlistarskólinn ákveðið að efna til ýmissa hátíðarhalda sem fram munu fara á öllu afmælisárinu. Má þar nefna sérstaka afmælishátíð, fjölbreytt tónleikahald fyrir alla aldurshópa, tónlistarkynningar auk þess sem ágrip af sögu skólans verður gefið út. Sinfóníuhljómsveit Íslands mun halda tónleika á Ísafirði í tilefni afmælisins í september auk þess sem fjölmargt annað verður til skemmtunar.

Það sem kannski er mest um vert fyrir Tónlistarfélagið og Tónlistarskólann, er að nú hillir loks undir að skólinn fái eigið húsnæði og ef framkvæmdir ganga að óskum í sumar verður húsnæðið vígt næsta haust.

Tónlistarskólinn hefur afmælisárið með því að bjóða bæjarbúum í heimsókn á „Sólardaginn" 25. janúar en þá mun gestum gefast kostur á að kynnast starfseminni frá kl. 13-17. Boðið verður upp á þrenna stutta tónleika með fjölbreyttu efni og hefjast þeir kl. 13:30, 14:30 og 15:30. Leikið verður á ýmis hljóðfæri auk þess sem söngur verður á dagskránni. Á 1. hæð skólans verður veitingasala á vegum Styrktarsjóðs húsbygginar sjólans og geta menn því notið léttrar tónlistar af ýmsu tagi á meðan veitinga er notið.

Auk þessa verður kynnt notkun tölva við ritun tónlistar og hljóðfæri verða til sýnis. Síðast en ekki síst gefst fólki kostur á að skoða þær framkvæmdir sem átt hafa sér stað í skólanum frá áramótum með tilliti til fullkomins hljómburðar og hljóðeinangrunar.

Farskóli Vestfjarða

Fjölbreytt námskeið

Líkt og undanfarin ár býður Farskóli Vestfjarða upp á fjölbreytt nám og námskeið á vorönn. Má þar nefna 30 rúmlesta skipstjórnarnám og nám í vélgæslu auk þess sem Slysavarnaskóli sjómanna hyggst halda námskeið á vegum skólan.

Þá má nefna nám í tölvufræði, ensku, spænsku, íslensku fyrir útlendinga og ræðumennsku. Þá verða námskeið í skrautskrift, dansnámskeið og námskeið í Hatha-yoga svo fátt eitt sé nefnt.

Skráning á námskeiðin er í síma 456 3599 frá kl. 13:30 til 14:30 virka daga og í síma skólans 456 4215. Þá er einnig hægt að skrá sig á netfangi gudmund@fvi.is.Ranglega var sagt í nýútkomnum bæklingi frá skólanum að um haustönn væri að ræða.

Farskóli Vestfjarða.

Hvað ert þú að greiða fyrir flugfarið til Reykjavíkur?

Hjá okkur kostar
önnur leiðin kr. 3.600.-
báðar leiðir kr. 6.900.-

Alla daga með 46 sæta ATR vél

ÍSLANDSFLUG
-gerir fleirum fært að fljúga

Hafnarstræti 7, Ísafirði, sími 456 4150

Full búð af flottum pottum, pottaplöntum, þurrskreytingum og spennandi hlutum til gjafa

Alltaf spennandi úrval af afskornum blómum og skreytingum

Konur!
Munið bónda-daginn á föstudag.
Mikið af góðum vöndum og skreytingum
í tilefni dagsins

Opið:
Mánudaga til fimmtudaga kl. 09:00-18:00
Föstudaga kl. 09:00-19:00
Laugardaga kl. 10:00-18:00
Sunnudaga kl. 13:00-16:00

Verið velkomin!

Blómaturninn

AÐALSTRÆTI 21
400 ÍSAFIRÐI
SÍMI / FAX 456 5297

- alvöru blómabúð

Sjávarútvegsfyrirtækið Básafell hf., á Ísafirði

Tapaði 366 milljónum króna af reglulegri starfsemi

Húsnæði Básafells hf., á Ísafirði. 366 milljóna króna tap varð af reglulegri starfsemi fyrirtækisins á síðasta rekstrarári.

Umtalsvert tap varð af reglulegri starfsemi sjávarútvegsfyrirtækisins Básafells hf., á síðasta starfsári, eða 366 milljónir króna. Bráðabirgðatölur fyrstu þriggja mánaða yfirstandandi rekstrarárs sýna að hagur fyrirtækisins fer batnandi. Hagnaður var þó 112 milljónir króna á síðasta starfsári samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 1997, en hann nær yfir átta mánaða tímabil, frá 1. janúar til 31. ágúst. Framvegis verður reikningsár félagsins hið sama og fiskveiðiárið. Í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu segir að veltufjárhlutfall félagsins sé nú mun betra en var í upphafi árs og sama sé að segja um eiginfjárhlutfallið.

Rekstrartekjur Básafells voru 1.297 milljónir króna en rekstrargjöld námu 1.291 milljónum. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnskostnað var 6 milljónir. Afskriftir námu 204 milljónum og fjármagnskostnaður 168 milljónum króna. Tap af reglulegri starfsemi var því 366 milljónir króna. Óreglulegar tekjur umfram gjöld námu 478 milljónum króna og varð því hagnaður af rekstri Básafells 112 milljónir króna á síðasta reikningsári.

Básafell og þau fimm félög sem sameinuðust félaginu frá nóvember 1996 til maí 1997 bjuggu við misjafna fjárhagsstöðu og lausafjárstaðan var erfið að því er kemur fram í frétt frá fyrirtækinu. Unnið hefur verið að endurfjármögnun félagsins og tekist að fjármagna félagið með mun hagkvæmari hætti en áður var. ,,Áhrif sameiningarinnar komu mjög skýrt fram við þessa vinnu þar sem stórt og öflugt fyrirtæki, með sterka eiginfjárstöðu, hefur aðgang að fjölbreyttari fjármögnunarkostum og fær mun hagstæðari lánskjör en áður voru í boði fyrir þau félög sem sameinuðust," segir í frétt frá félaginu.

Þar segir einnig: ,,Eins og ársreikningurinn ber með sér var rekstur Básafells erfiður fyrstu átta mánuði ársins 1997. Lágt verð á rækjumörkuðum, óhagkvæm bolfiskvinnsla og sjö vikna verkfall landverkafólks hafði þar mikil áhrif. Nú virðast horfur fara batnandi. Verðhækkanir hafa orðið á rækju- og saltfiskmörkuðum auk þess sem það hefur haft mjög jákvæð áhrif á reksturinn að hætta bæði landfrystingu og útgerð línuskipa. Þriggja mánaða uppgjör fyrir tímabilið 1. september til 30. nóvember 1997 mun liggja frammi á aðalfundi félagsins, sem verður haldinn á Ísafirði 22. nóvember nk. Bráðabirgðatölur fyrstu 3ja mánaða þessa rekstrarárs sýna að vinna við endurskipulagningu og hagræðingu hjá Básafelli er að skila þeim árangri sem vænst var."

Starfsmönnum við stjórnun og skrifstofustörf hefur verið fækkað um 45 af hundraði. Frystihús félagsins á Ísafirði hefur verið úrelt ásamt nokkrum öðrum eignum og nokkur af skipum félagsins hafa verið seld. Einnig seldi Básafell eignarhluti sína í ýmsum félögum og nam söluverðið 542 milljónum króna. Á Flateyri hefur frystingu verið hætt og þar er einvörðungu unninn saltfiskur. Fjárfest var í fullkomnustu gerð af pökkunarstöð og frystigeymslu fyrir rækjuafurðir unnar á Ísafirði. Nú standa yfir breytingar á tveimur skipum Básafells og er vonast til þess að útgerð félagsins verði mun hagkvæmari eftir þær breytingar en hingað til.

PIZZA 67 **Pantanasíminn er 456 3367** PIZZA 67

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ❑ 456 4547

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Brautarholt 9: 140m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 11,000,000,-
Fjarðarstræti 33: 176,5m² einbýlishús á tveimur hæðum. Góður garður. Verð: 8,500,000,-
***Góuholt 1:** 142m² einbýlishús í góðu standi á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 11,600.000,-
Hafraholt 10: 144,4m² enda raðhús á tveimur hæðum ásamt 22,4m² bílskúr. Verð: 9,300,000,-
Hafraholt 14: 144,4m² raðhús á tveimur hæðum ásamt 22,4m² bílskúr. Verð: 8.900.000,-
Heiðarbraut 6: 133,3m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Skipti á eign á Ísafirði möguleg. Verð: 10.700.000,-
Hlíðarvegur 43: 186m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 9.400.000,-
Hlíðarvegur 48: 146,4m² einbýlishús á þremur pöllum, mjög fallegt útsýni. Verð: 6.500.000,-
*** Hnífsdalsvegur 13:** Einbýlishús á tveimur hæðum. Verð: 5,300.000,-
*** Kjarrholt 2:** 173,6m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Tilboð.
Lyngholt 8: 138m² einbýlishús á einni hæð ásamt 31m² bílskúr. Nýtt parkett ný málað. Skipti á eign í Hafnarfirði. Verð: 10.800.000,-
Móholt 9: 152,4 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Laust 1. feb. ´98. Skipti möguleg. Verð: 11.900.000,-
Silfurgata 9: 150m² einbýlishús á tveimur hæðum(4ra herb.) ásamt geymslu, kjallara og skúr. Laus fljótlega. Verð: 7.200.000,-
Sólgata 7: 100m² einbýlishús endurnýjað að hluta. Barnavænn garður. Kjallari ca. 50m². Verð: 7.000.000,-
Sunnuholt 6: 231,7m² rúmgott einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 13,500,000,-
Tangagata 6a: 99,7m² einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er laust. Öll tilboö skoðuð. Verð: 6,800,000.-
Urðarvegur 13: 85m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara. Verð: 5.500.000,-
Urðarvegur 26: 236,9m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr.Tilboð óskast.
Urðarvegur 27: 190,5m² einbýlish.á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Stór sólpallur og ræktuð lóð. Verð: 13.500.000,-
Urðarvegur 58: 209m² raðhús á 3 pöllum ásamt innbyggðum bílskúr. Góð kjör. Öll tilboð skoðuð. Verð: 11.900.000,-

*** Eyrargata 3:** 100m² 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í þríbýlishúsi ásamt helm. bílskúrs. Verð: 8,300.000-

**** Stórholt 13:** 79,2m² íbúð á 3. hæð t.h. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu á jarðhæð. Verð: 6,000.000,-

4-6 herbergja íbúðir

Engjavegur 15: 140m² 5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 8,500.000-
Engjavegur 21: 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.500.000,-
Engjavegur 31: 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikið uppgerð. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 5.500.000,-
Fjarðarstræti 4: 120m² 4ra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi. Skipti á minni eign á Eyrinni möguleg. Verð: 6.500.000,
Fjarðarstræti 6: 122m² 4ra herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.500.000,-
Hafnarstræti 6: 158m² 6 herbergja íbúð á 3ju hæð í fjölbýli auk 2ja herbergja í risi. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 7.500.000,-
Hjallavegur 8: 128,5m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Íbúðin er laus 1. janúar 1998. Verð: 6.900.000,-
Hjallavegur 12: 113,9m² 3-4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 5.500.000,-
Pólgata 5a: 121m² 4ra herb. íbúð á n.h. í þríb. húsi ásamt helmingi kjallara. Mikið uppgerð. Bílskúr. Verð: 6,800.000-
Pólagata 5a: 127,7m² 5 herb. íbúð á e.h. í þríb.húsi ásamt helmingi kjallara. Verð: 6,000.000,-
Smiðjugata 9: 95m² 4ra herb. íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 5,900.000,-
Sólgata 5: 102m² 6 herb. íbúð á 2 hæðum í norðurenda í tvíbýlishúsi. Verð: 5,000,000,-
Stórholt 11: 103m² 4ra herb. íbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílgeymslu. Íbúðin er laus. Verð: 7.800.000,-
Túngata 12: 99m² 4ra herbergja íbúð á miðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti möguleg. Verð:7.900.000,-
Túngata 18: 89,2m² 4ra herbergja íbúð í góðu standi á 3ju hæð í fjölbýlishúsi. Húsið allt uppgert.Möguleg skipti á minni eign. Verð: 6,900,000,-

3ja herbergja íbúðir

*** Aðalstræti 15:** 98,6m² íbúð á tveimur hæðum í fjórbýlishúsi. Húsið er nýmálað og nýtt þak. Verð: 4,500.000,-
Brunngata 12a: 68m² íbúð á efri hæð, að hluta undir risi, í tvíb.húsi ásamt sér geymslu. Verð: 3,000.000,-
Engjavegur 17: 61,7m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Sér inngangur. Íbúðin er öll nýmáluð. Verð: 4.600.000,-
Pólgata 6: 52m² risíbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt geymslu í kjallara. Mikið endurnýjað. Verð: 3,900,000,-
*** Sólgata 8:** 80m² íbúð á neðri hæð í þríbýlishúsi. Verð: 6,000.000,-
Stórholt 7: 76m² íbúð á þriðju hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5,300,000,-
Stórholt 7: 74,6m² íbúð á fyrstu hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 4,800,000,-
Stórholt 9: 74,6m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-
*** Urðarvegur 78:** 97,8m² íbúð í mjög góðu standi á 3. hæð t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 6,900.000.-
Urðarvegur 78: 99,1m² íbúð í mjög góðu standi á 2. hæð t.v. í fjölb.húsi ásamt sér geymslu. Verð: 7,000.000.-
Urðarvegur 80: 82m² íbúð á jarðhæð fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 6.000.000,-

2ja herbergja íbúðir

*** Aðalstræti 24:** Tvær 70m² íbúðir í smíðum á 2. hæð. Tilbúnar í vor. Tilboð.
Grundargata 2: 50,5m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 3.800.000,-
Túngata 12: 62m² íbúð í kjallara í þríbýlishúsi. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 3.900.000,-
Túngata 20: 53,4m² íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi í góðu standi. Húsið nýlega gert upp að utan. Verð: 5.400.000,-
Túngata 20: 53,4m² íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi í góðu standi. Húsið nýlega gert upp að utan4,500,000,-
Urðarvegur 78: 73,2m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu . Verð: 5,400.000,-
Hlíf II: 62,5m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 6,600,000,-

**** Góuholt 3:** 140,7m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 12,000,000,-



David Bevis var maður leiksins í góðum sigri KFÍ á toppliði úrvalsdeildarinnar, Grindavík, sem fram fór á fimmtudagskvöldið í síðustu viku.

Körfubolti

David Bevis átti stórleik

KFÍ sigraði topplið úrvalsdeildarinnar í körfuknattleik, Grindavík, er liðin mættust á heimavelli þeirra síðarnefndu á fimmtudagskvöldið í síðustu viku. Varð KFÍ þar með fyrsta liðið sem sigrað hefur Grindvíkinga á heimavelli í vetur, en fyrir leikinn höfðu Grindvíkingar aðeins tapað einum leik. Að venjulegum leiktíma loknum var staðan jöfn 92-92, en KFÍ-menn tóku Grindvíkinga í kennslustund í framlengingunni og skoruðu 20 stig gegn 4 stigum heimamanna. Lokatölur leiksins urðu 112-96 fyrir KFÍ.

Bæði lið léku vel í fyrri hálfleik og höfðu heimamenn 12 stiga forystu í hálfleik. KFÍ-menn komu ákveðnir til leiks í seinni hálfleik og voru fljótir að jafna hann. Þegar tvær mínútur voru til leiksloka hafði KFÍ fimm stiga forskot en heimamönnum tókst að jafna á síðustu sekúndu leiksins. Þegar mínúta var liðin af framlengingu fékk Darryl J. Wilson sína fimmtu villu og var það rothögg fyrir heimamenn. KFÍ tóku heimamenn í kennslustund og skoruðu 20 stig gegn fjórum stigum heimamanna eins og áður sagði. Besti maður leiksins var David Bevis hjá KFÍ sem skoraði 33 stig auk þess að taka ógrynni af fráköstum. Marcos Salas gerði 24 stig, Ólafur Ormsson 19 og Friðrik Stefánsson 18.

Eftir 13 umferðir er KFÍ í 3ja sæti deildarinnar með 18 stig. Grindavík er enn efst með 22 stig og þá koma Haukar með 20 stig. Næsti leikur KFÍ er gegn Keflavík og verður sá leikur í íþróttahúsinu á Torfnesi á föstudagskvöld. KFÍ tekur síðan á móti Njarðvíkingum í Renault bikarnum á sunnudag kl 16, og ríður mikið á að liðið fái góðan stuðning þá sem og í leiknum gegn Keflvíkingum, því með sigri á Njarðvíkingum kemur liðið til með að leika til úrslita í Renault bikarkeppninni á móti Grindvíkingum eða Val.

Námskeið fyrir börn, unglinga og fullorðna

Kennum alla dansa
Kennslan fer fram í Framhaldsskóla Vestfjarða
Ath! Ekki kennt á laugardögum og sunnudögum

Hjónatímar
Fimm skipti 80 mín. í senn
Börn og unglingar
Tíu skipti 40 mín. í senn
Ath! Systkinaafsláttinn!
Annað barn, hálft gjald
Þrjú börn eða fleiri, frítt

Innritun fer fram þriðjudaginn 27. janúar kl. 15:00 til 18:00 í aðal anddyri grunnskólans og í síma 896 0607.

Heiðar Ástvaldsson danskennari

Grasið er alltaf grænna í garði nágrannans !



Guðjón Þorsteinsson.

Undirritaður rak augun í grein sem rituð var í síðasta tölublaði BB (7 janúar) og sé ég mig tilknúinn að koma með nokkrar athugasemdir. Greinarhöfundur segir að staða íslenskrar knattspyrnu standi í stað og ekki síst fjárhagslega?

Fyrst leyfi ég mér að koma með athugasemd í sambandi við stöðu íslenskrar knattspyrnu. Ég sé ekki betur en að ásókn í íslenska knattspyrnumenn til að spila með erlendum liðum, sé aldrei meiri en nú í dag, einhverjar ástæður hljóta að liggja að baki, ekki er ég tilbúinn að viðurkenna að þær ástæður séu vegna stöðnunar í boltanum hér heima, ég held frekar að meira sé um góða þjálfara nú en oft áður og að þjálfun á yngri flokkum félaga á landinu sé að skila sér. Og það er líka að merkja hjá bæði handboltanum og körfuboltanum. Eitt gott dæmi um árangur í íþróttum er árangur Jóns Arnars Magnússonar, hann æfir heima á Sauðárkróki við aðstæður sem að á heimsvísu þykja heldur fáránlegar, en samt er hann meðal 8 bestu tugþrautarmanna í heiminum!

Stöðnun er stórt og mikið hugtak og neikvætt þar að auki, við getum gert margt gott með þeirri aðstöðu sem við höfum hér heima á Íslandi. Galdurinn er að virkja þær aðstæður rétt og byggja upp á jákvæðan hátt.

Fjárhagsstaða íþróttafélaga

Fjárhagsdæmi félaga er oftar en ekki íþróttafélögunum sjálfum að kenna ! og þá er sama hvaða íþrótt í boltanum um er rætt, óskynsamlegar fjárfestingar í aðkomumönnum í íþróttfélög hafa oftar en ekki komið þessum íþróttafélögum um koll. Bæði hafa félög ekki haft efni á að halda úti liði sem slíku, og svo hitt að yngri heimamenn í liðunum hafa ekki fengið að spreyta sig, þeir þar af leiðandi leitað annað og framtíð sumra liða því ekki verið beysin !

Hafa ber í huga hér að ég er engan vegin að ráðast á einhverja eina íþróttagrein, því að flestar ef ekki allar þessar íþróttagreinar hafa orðið fyrir barðinu á óskynsamlegum ákvarðanatökum. Við þurfum að líta okkur nær og rækta það sem að við höfum bæði leikmenn og þjálfara, og standa við bakið á þeim. Þetta mun skila sér þegar að til framtíðar er litið, en hafa skal í huga að þetta tekur tíma og þolinmæði og það er eitthvað sem við verðum að temja okkur. Ekki tjalda til einnar nætur, það hefur margsannað sig hér á landi sem og annarsstaðar, að ekki er hægt að kaupa árangur.

Betur má ef duga skal!

Ef að lesið er rétt úr grein höfundar þá mætti halda að aðstöðuleysi knattspyrnumanna hér í bæ sé algjört, og greinarhöfundur segir,, til þess hve knattspyrnan skipar stóran sess í lífi fólks, þá er ég ekki að tala um skemmtanagildi hennar, sem er vissulega gífurlegt, heldur mikilvægi hennar í uppeldi og þroska barna og unglinga". Þarna skal ég ekki efast um að greinarhöfundur hafi eitthvað til síns máls, en allar íþróttir skipa stóran þátt í þessum málum og þar er knattspyrnan ekki ein um ábyrgðina!

Það er ekki hægt að líta fram hjá þeirri staðreynd að körfuknattleikurinn hér heima er helsti vaxtabroddurinn síðustu ár, og er það aðstöðunni fyrir að þakka, sem og góðum þjálfurum, leikmönnum og góðri stjórn, allt þetta hefur unnið sameiginlega að því að koma okkur á þann stað sem að við erum á í dag, en þetta er búið að taka langan tíma og toppnum er ekki náð, vonandi verður það innan fárra ára en þolinmæði er hlutur sem við höfum lært að temja okkur. Handboltinn hefur einnig verið að sækja í sig veðrið og er það ánægjuleg þróun. Báðar þessar greinar eru að senda marga flokka á Íslandsmót með mjög góðum árangri. Hafa ber í huga að bæði körfuboltinn og handboltinn eru vetraríþróttagreinar, þ.e.a.s. keppnistímabil þessara greina eru frá september til apríl og aðstaða sem þessar greinar hafa er eingöngu í íþróttahúsum bæjarins yfir vetrarmánuðina, og það er alls ekki nein ósanngirni að þessar greinar séu í einhverri forgangsröð þegar að kemur að úthlutun tíma yfir bláveturinn. Knattspyrnan er sumaríþrótt og gengur að svæðum til æfinga eins og að þeim þóknast á sumrin (þó að þau séu ekki fullkomin, þá eru þau nothæf, flest!) en samt hafa þau góða aðstöðu yfir vetrarmánuðina líka. Vandamál með fjölda barna í einstökum tímum eru því miður ekki óalgeng hjá íþróttafélögum hérna á Ísafirði, en þetta er eitthvað sem leysa þarf í sameiningu, ég ætla ekki að koma með neina patentlausn á þessu vandamáli hér og nú en þetta er eitthvað sem að íþróttafélögin þurfa að leysa. Með hreyfiþroska barna hér í bæ þá neita ég að trúa því að við eigum við einhver meiri vandamál að stríða, frekar en aðrir í landinu.

Það segir sig sjálft að ein af stærstu ástæðum hreyfingaleysi hjá fólki almennt er þróunn sem átt hefur sér stað í dægradvöl okkar Íslendinga s.s. video og sjónvarpsgláp o.s.frv. Í Ísafjarðarbæ þá höfum við upp á að bjóða mjög fjölbreytilega flóru íþróttagreina og mjög góða þjálfara og leiðbeinendur í öllum greinum sem eru flestir lærðir sem slíkir. Þetta á eftir að skila sér í framtíðinni en til þess að svo verði þá verðum við fyrir það fyrsta að halda í þá góðu þjálfara sem við höfum og mennta yngri þjálfara sem að hafa áhuga á því að taka við seinna meir! Einnig höfum við mjög hæfa íþróttakennara við skóla Ísafjarðarbæjar, þannig að ég lít ekki á þetta sem eitthvað vandamál. Íþróttaflóran í Ísafjarðarbæ hefur á að skipa afreksfólki í öllum greinum íþrótta, og ástæða þess hlýtur að vera einhver ?

Ísfirðingar hafa átt afreksfólk í fremstu röð í flest öllum greinum sem við höfum stundað. Við erum að ná góðum árangri í golfi þrátt fyrir að aðstaða til þeirrar iðkunnar hafi ekki verið góð fyrr en á allra síðustu árum, einnig má nefna íþróttafélag fatlaðra sem hefur staðið sig frábærlega, við eigum Íslandsmeistara í vaxtarrækt og oftar en ekki höfum við komið fólki í landslið Íslands, má meðal annars nefna skíði, sund, fótbolta, frjálsar íþróttir, skvass og núna síðast körfubolta. Við verðum að virkja það jákvæða sem við höfum hér í bænum og vinna út frá því, það er nóg um niðurrifsöfl annarsstaðar frá og það eina sem kemur okkur til góða upp á framtíðina, er samvinna og sameining, hjálpast við að gera íþróttum í Ísafjarðarbæ í heild sinni hátt undir höfði, og koma börnum og unglingum inn í íþróttahúsin og út af götunni !

Mikilvægi uppeldis og þroska í íþróttum

Enginn þarf að efast um það að íþróttir skipa stóran sess í uppeldi og þroska barna, og íþróttafélög hafa mikilvægt hlutverk í að koma frá sér heilbrigðum sálum í hraustum líkömum. En við megum ekki gleyma því að allt þetta byrjar heima hjá foreldrum barnanna!

Íþróttafélög eiga að vera meira í því að hafa ofan af fyrir krökkum og leiðbeina, með þeim formerkjum að láta gott af sér leiða, sem vonandi skilar sér í góðum árangri bæði í íþróttum, námi og vinnu, sem skilar vonandi sér síðan aftur til íþróttahreyfingarinnar.

Óeining og sundrung

Því miður vill það brenna við að mikil óeining eigi sér stað innan íþróttahreyfingarinnar, þar liggja margar ástæður t.a.m. barátta um fjárstyrki og annað sem viðkemur peningamálum félaga, styrkir sveitarfélagsins til íþróttahreyfingarinnar eru engan veginn nógu miklir, og oft á tíðum telur undirritaður að enginn skilningur sé á því hve mikilvægu hlutverki íþróttafélögin þjóna bæjarfélaginu. Reynið að hugsa það til enda hvað myndi verða um félagslegu hliðina hér í sveitarfélaginu ef að íþróttafélögin myndu hætta að þjálfa börn og unglinga! Það er ekki notaleg tilhugsun. Kostnaður hjá félögum er mikill og þar er margt sem spilar inn í, en það mikilvægasta er að vera með menntaða leiðbeinendur og þjálfara í fullu starfi. Félögin eru að reyna að gera sitt besta til þess að sinna þessum málum á besta veg. Það er einlæg von mín að skilningur á þessum málum sé mikill hjá ráðamönnum Ísafjarðarbæjar fyrir framtíðina, því að íþróttafélögin geta ekki gert þetta hjálparlaust.

Svo er annað þ.e rifrildi um tímaúthlutum í íþróttahúsum bæjarins. Ég held því fram eins og kollegar mínir í öðrum félögum að mitt félag fái ekki nægilega marga tíma í íþróttahúsum bæjarins og svoleiðis mun það vera um ókomna framtíð, eða hvað ! Er þetta eitt af þeim vandamálum sem hægt hefði fyrir löngu að leysa með fundum félaga þar sem allir koma að borði með það eitt að leiðarljósi að vinna saman að uppbyggingu íþrótta hér í Ísafjarðarbæ. Getur verið að þetta hafi aldrei verið neitt vandamál, einungis misskilningur og öfund út í hvort annað? Ástæðan á bak við þetta er að margir af þessum krökkum sem félögin eru með í tímum sínum eru að stunda fleiri en eina íþróttagrein (sem er af hinu góða) og hitt er að skólanum líkur ekki fyrr en eftir kl.14-15:00 á virkum dögum og tímar sem eru í boði byrja kl.13.00. Það sjá því allir að ekki er hægt að nýta alla tíma á sömu dögum fyrir öll félögin!

Það sem hefur vantað í starfsemi íþróttafélaga hér á Ísafirði er samstarf. Það er búið að tala um þetta í mörg herrans ár en þrjóska einstakra manna hefur eyðilagt fyrir heildinni og það bitnar á börnunum fyrst og fremst. Nú er mál að linni! Hættum þessum endalausa ríg og förum að vinna saman! Fólk verður að gera sér grein fyrir því að við erum ekki í milljónaborg, heldur erum við fámennt sveitarfélag sem er fjárvana og getur ekki staðið í stórræðum. Það hefði verið draumur minn að sjá hér rísa sundlaug fyrir það afreksfólk sem við höfum átt í gegnum tíðina, þetta sama fólk æfði við hreint fáránlegar aðstæður en náði samt árangri! Hvað hefði þetta sama fólk gert með 25 eða 50 metra laug?

Sama er upp á teningnum í knattspyrnunni. Það hefði löngu átt að vera kominn upp góð aðstaða fyrir afreksmenn sem við höfum átt í áratugi þar, en eins og að staðan er í dag þá er þetta ekki mögulegt, ástæðan er margþætt en helsti þröskuldurinn er sá að ekki er til fjármagn til þessara verkefna. Aðstöðuleysi grunnskóla Ísafjarðarbæjar eru í ólestri og það er brýnasta verkefni okkar hér í bænum að leysa úr þeim vanda, það sjá allir sem vilja að ef að við gerum ekki eitthvað í þeim málum, þá verður ekki fjölgun á börnum í íþróttum, fólk flytur einfaldlega í burtu! Það sjá það allir hve miklar framfarir hafa átt sér stað í körfuboltanum eftir að við fengum íþróttahúsið á Torfnesi. Ég skal taka undir það að aðstaðan sem að knattspyrnumenn hafa utanhúss í dag er ekki góð, en samt hafa knattspyrnumenn náð Íslandsmeistaratitlum líka! Aðstaðan nú er betri að því leytinu til að glæsileg hús eru risin hér í Ísafjarðarbæ sem gerir knattspyrnumönnum kleift að æfa allt árið og það hlýtur að vera stórt stökk upp á við ekki satt?

Sveitarfélög sem skara fram úr

Það er gaman að velta fyrir sér þeim bæjarfélögum sem skara fram úr. Ég hef fylgst með þeim vangaveltum sem hafa átt sér stað í sambandi við fjölnota hús. Kostnaðardæmi í slíku verkefni er á bilinu 350-500 milljónir, þarna er ég að ræða um hús í fullri stærð sem mundi hýsa flesta alla viðburði í íþróttum. Ég veit að Suðurnesin eru langt komin í þessum hugleiðingum, og er í þessu margt sem spilar inn í sem þeir njóta sérstöðu í s.s sjóði sem þeir geta sótt fjármagn í, og landfræðilega góða stöðu þ.e að margir geta tekið þátt í kostnaðinum. Þar má meðal annars nefna Reykjanesbæ, Grindavík, Keflavíkurflugvöll og marga fleiri aðila sem deilt geta með sér kostnaðinum við slíkar framkvæmdir.

Einnig tel ég líklegt að KSÍ kæmi þarna að málum enda staðsetning góð fyrir æfingar allra landsliða þeirra. Og að sjálfsögðu er þetta ekki gert án þátttöku ríkissjóðs sem myndu kaupa tíma í húsi sem slíku fyrir fjölbrautarskóla sína á svæðinu. Sveitarfélög á landinu hafa ekki fjármagn til þess að standa ein að fram-

Ólympíuleikarnir í Japan

Tveir Ísfirðingar á meðal keppenda

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands tilkynnti á fundi á föstudag að átta íslenskir keppendur yrðu sendir til þátttöku á Vetrarólympíuleikunum sem hefjast í Nagano í Japan í næsta mánuði. Allir keppendurnir munu keppa í alpagreinum og meðal þeirra eru tveir Ísfirðingar, þau Sigríður B. Þorláksdóttir og Arnór Þ. Gunnarsson.

Auk þeirra er Jóhann Haukur Hafstein á meðal keppenda, en eins og kunnugt er hóf hann síðaferil sinn á Ísafirði og keppti fyrir hönd bæjarfélagsins á meðan hann bjó á Ísafirði. Íslenski hópurinn heldur utan 3. febrúar nk., en sjálfir leikarnir verða settir 7. febrúar. Liðið verður í Japan til 23. febrúar.

Arnór og Sigríður munu keppa í svigi en Jóhann Haukur í stórsvigi. Til að öðlast þátttökurétt á leikunum þurftu keppendurnir að vera innan

Arnór Þ. Gunnarsson.

Sigríður B. Þorláksdóttir.

við 500 á heimslistanum sem kom út í nóvember síðastliðnum. Auk þeirra Arnórs, Sigríðar og Jóhanns Hauks, taka þátt í leikunum þau Brynja Þorsteinsdóttir, Akureyri, Haukur Arnórsson, Ármanni, Sveinn Brynjólfsson, Dalvík, Kristinn Björnsson, Ólafsfirði og Theodóra Mathiesen, KR.

Á fundi Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands sagði formaður þess, Ellert B. Schram m.a.: „Við leggjum meira upp úr því að Ísland verði með, en gerum ekki kröfur um verðlaunasæti. Við lítum á það sem hvatningu fyrir íslenska æsku að svo margir skuli fá tækifæri."

Safnahús Ísafjarðarbæjar.

Safnahúsið í Ísafjarðarbæ

Eiríkur og Einar Valur hf., áttu lægsta tilboð

Fjögur tilboð bárust í 1. áfanga endurbyggingar Safnahúss Ísafjarðarbæjar á Ísafirði, en tilboð í verkið voru opnuð fyrir stuttu. Í 1. áfanga verksins er gert ráð fyrir endurnýjun á öllum gluggum, þaki og byggingu skábrautar að húsinu auk ýmissa annarra verka utanhúss.

Eiríkur og Einar Valur hf., buðu kr. 34.750.000.- í verkið sem er 94% af kostnaðaráætlun, Garðamúr ehf., á Ísafirði gerði tvö tilboð í verkið, annars vegar upp á kr. 36.896.920.- og hins vegar upp á kr. 36.516.920.- en í síðara tilboðinu felst breytt efnisval á þakklæðningu, rennum og niðurföllum, og Naglinn ehf., og Trésmiðjan ehf., í Hnífsdal, gerðu sameiginlegt tilboð upp á kr. 38.887.238. Kostnaðaráætlun hönnuða hljóðaði upp á kr. 36.829.950.-

Ákveðið var að taka lægsta tilboði og verða það því starfsmenn Eiríks og Einars Vals hf., sem sjá um 1. áfanga endurbyggingar hússins.

kvæmdum sem slíkum án aðstoðar ríkissjóðs. Mín skoðun er að gervigras sé orðin úreld hugmynd hér, þar liggur alltof mikill kostnaður, það væri nær að koma hér upp góðum grasvöllum, sem að gætu nýst okkur til framtíðar, en þar eins og í öllum svona framkvæmdum verður að skoða málið mjög gaumgæfilega upp á staðsetningar og framtíðarskipulag. Ég er enginn sérfræðingur þegar að kemur að svona hugleiðingum, en er aftur á móti mikill áhugamaður um íþróttir og vil hag íþrótta sem mestan. En við verðum að hugsa raunsætt, reyna að koma okkur upp aðstöðu sem að sem flestir geta sætt sig við og að okkur þykir boðlegur. Þetta mun taka tíma, við erum fámenn og fjárvana, en allt er hægt ef að viljinn er fyrir hendi!

Hvað er til ráða

Ég hef mínar skoðanir um hvað er til ráða. Við þurfum að hlúa meira að yngri iðkendum okkar í íþróttum, þar byrjum við á að vinna saman að því að móta stundatöflu félaganna þannig að sem flestir geti notið þess að reyna fleiri en eina íþrótt ! Það veit ég sjálfur að þegar að ég var að vaxa úr grasi í Reykjavík, þá tók ég þátt í fjölmörgum íþróttagreinum og þakka það að ég komst í unglingalandslið í körfubolta, það sama má segja um marga afreksmenn sem að eru nú eða hafa verið atvinnumenn í sínum íþróttagreinum. Þarna get ég nefnt menn eins og Eyjólf Sverrisson, Ólaf Gottskálksson, Hermann Hreiðarson, Kristján Arason, og marga fleiri, þessir menn hafa verið góðir í öðrum íþróttagreinum, æft og keppt með meistaraflokkum í bæði körfubolta og handbolta og verið í A og B landsliðum Íslands. Það hefur örugglega komið þessum mönnum vel að taka þátt í fleiri en einni íþróttagrein og síðan hafa þeir valið það sem þeim hentaði best þegar þeir höfðu aldur til.

Og síðast en ekki síst vil ég geta Ísfirðingsins Jóns Oddsonar sem hefur keppt fyrir hönd Íslands í þremur landsliðum þ.e knattspyrnu, körfubolta og frjálsum íþróttum !

Það er gaman og nauðsynlegt að reyna fyrir sér í sem flestum íþróttagreinum, og við eigum að virða það við bæði foreldra og börn að stilla æfingagjöldum í hóf og hvetja börn í að prófa sem flestar íþróttagreinar, það er nógur tími til þess að taka ákvarðanir þegar að böm verða að unglingum um hvaða stefnu þau taka varðandi framhald í íþróttageiranum og í lífinu yfir höfuð. Það er von mín að Ísafjarðarbær vaxi og dafni í íþróttum, það eru ekki mörg bæjarfélög sem geta státað af jafnmörgum nýjum og glæsilegum íþróttamannvirkjum og við hér í Ísafjarðarbæ, notum sameigilega krafta okkar í íþróttahreyfingunni til þess fullnýta mannvirki þessi og hjálpumst að við að vinna úr því frábæra efniviði sem við eigum í dag.

Með íþróttakveðju,
Guðjón M. Þorsteinsson,
áhugamaður um íþróttir.

Sjúkratryggingar í upplausn

Íslendingar hafa löngum stært sig af því að eiga fullkomnustu sjúkratryggingar í heimi þegar til kastanna kemur. Margt er til í því, en hins vegar er það áhyggjuefni að nú er svo komið, að margir sem telja sig sjúkratryggða eiga í raun engra kosta völ, annarra en þeirra að borga allt sitt sjálfir þegar þjónustunnar er leitað. Uppsögn sérfræðinga á samningum við Tryggingastofnun ríkisins hefur vakið upp spurninguna um það hversu mikils virði sjúkratryggingar greiddar af skattpeningum eru í raun. Margir bíða eftir ýmiss konar bæklunarlækningum, sem venjulega eru mjög dýrar. Þær fást nú ekki gerðar nema á stofum sérfræðinga úti bæ og sjúklingurinn er nauðbeygður að greiða allan kostnað sjálfur, stundum tugi þúsunda. Mörgum hefur brugðið illa við enda er það sem fyrr segir trú flestra Íslendinga að bæði heilbrigðiskerfið og sjúkratryggingarnar séu með því besta sem gerist.

Sú nöturlega staðreynd blasir við að Tryggingastofnun hefur sagt þeim sem leita til sérfræðinga, sem ekki eru með samning við stofnunina, að þeir fái ekkert greitt af útlögðum kostnaði sínum.

Engar tryggingar!

Þeir sem greitt hafa skattana sína síðan 1972 í þeirri trú að þar með væru þeir auk annars að greiða fyrir þá læknisþjónustu, sem þeir kynnu að þarfnast síðar, hljóta að verða reiðir. Tryggingastofnun ríkisins er að sjálfsögðu í miklum vanda. En hún er sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd sjúkratrygginga Íslendinga. Annar valkostur hefur ekki verið fyrir hendi og ætti kannski ekki að vera það. Ekki hefur verið hægt að sleppa tryggingunni hjá stofnuninni og kaupa hana annars staðar. Tryggingafélögin hafa ekki séð sér hag í því að slysatryggja hinn almenna borgara. Sá hefur nefnilega verið tryggður af almennu skattfé. Engar grundvallareða lágmarksgreiðslur hafa verið til Tryggingastofnunar. Allir Íslendingar, sem eiga lögheimili hérlendis, eru tryggðir.

Það getur vart talist boðlegt að segja við skjólstæðinga stofnunarinnar, hvar svo sem þeir standa í þjóðfélagsstiganum, hvort sem þeir eru ríkir eða fátækir, að þeir fái ekki greitt vegna nauðsynlegrar læknisþjónustu sem borguð hefði verið, ef sérfræðingarnir í læknastétt hefðu ekki sagt upp samningunum.

Eitt er deginum ljósara. Það verður að höggva á þennan alvarlega hnút. Reyndar er það svo að fyrirkomulag læknisþjónustunnar hefur verið með þeim hætti að læknar hafa gjarnan unnið bæði hjá sjúkrahúsunum og fengið þar laun og einnig verið með stofur úti í bæ og starfað þar sem sérfræðingar og gert samninga við margumrædda Tryggingastofnun ríkisins um greiðslur fyrir einstök læknisverk.

Telja verður heppilegra að skilja þarna á milli af ýmsum ástæðum, en launakjör lækna á sjúkrahúsunum hafa verið með þeim hætti, að þessi hefur orðið niðurstaðan. Læknarnir vinna fyrir sama vinnuveitandann, íslenska ríkið, ýmist sem launþegar eða sjálfstæðir atvinnurekendur, verktakar.

Ábyrgð lækna

Ábyrgðin á þessu vandræðaástandi er bæði Tryggingastofnunar og læknanna. Spyrja má hvort það sé siðlegt að þeir, sem þarfnast læknisþjónustu eftir einhvern tiltekinn dag, skuli borga hana fullu verði, en hinir sem fengu hana áður eða hugsanlega síðar, þegar samið hefur verið milli lækna og stofnunarinnar, þurfi ekkert að greiða nema lágmarksgjaldið. Verður ekki betur séð en hér sé jafnræðisreglan brotin með alvarlegum hætti. Það ser enn verra er það, að óþægindin og fjáútlátin bitna á þeim sem síst skyldi.

Landlæknir hefur marg sinnis ítrekað það í fjölmiðlum, að allir skuli njóta læknisþjónustu af hálfu hins opinbera, óháð því hvort þeir hafa stunda heilbrigt líferni eða svokallað áhættulíferni.

Út af fyrir sig ber að fagna því að heilbrigðisyfirvöld gæti jafnræðis með sjúklingum. En deila sérfræðinga og Tryggingastofnunar ríkisins hefur sýnt glöggt að ekki er alveg sama hvar borið er niður. Ef ekki tekst að koma á samningum verður að leysa hnútinn með öðrum hætti, eftir atvikum að flytja inn sérfræðinga til að sinna þeim verkum sem sjúklingurinn á rétt á. Það er ekki nóg að segja að biðlistar skuli styttir ef viðkomandi á ekki lengur rétt á sjúkratryggingunni, sem hann greiddi fyrir með sköttunum sínum.

Besta leiðin er sú að sérfræðingar og Tryggingastofnun fái skipaðan gerðadóm til að höggva á hnútinn. Gerist það ekki verður heilbrigðisráðherra að taka af skarið.

Stakkur.

KAUP & SALA

ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Óska eftir að kaupa gott **píanó**. Upplýsingar í síma 456 4640 eftir kl. 17.

Óska eftir **rúmi** til kaups. Upplýsingar gefur Halldór í síma 456 4280.

Til sölu er íbúðin að Skólastíg 21, neðri hæð, í Bolungarvík. Íbúðin er í góðu standi. Selst á góðum kjörum ef samið er strax. Upplýsingar í síma 456 7265.

Til leigu er 2ja herbergja **íbúð** ásamt eldhúsi, sérinngangi og þvottahúsi. Upplýsingar í síma 456 3678.

Sá sem tók **slökkvitæki** úr Eyrargötu 6 á Ísafirði er vinsamlegast beðinn að skila því þangað. Tækið er merkt.

Til sölu er **Suzuki Swift** árg. 1991, ekinn 20 þús.km. Þarfnast lagfæringa eftir óhapp. Tilboð óskast. Upplýsingar í síma 456 5310.

Óska eftir að **kaupa húseign** á Ísafirði eða í Hnífsdal. Upplýsingar í síma 456 3256.

Tilboð óskast í 2ja herbergja íbúð í Hnífsdal. Íbúðin er öll ný uppgerð. Upplýsingar í síma 456 3128.

Til sölu er nýleg **þvottavél**. Upplýsingar í síma 456 4039.

Til sölu er **Sega Mega** tölva með tveimur stýripinnum og fjórum leikjum. Verð kr. 9.000. Upplýsingar í síma 456 4180.

Til sölu eða leigu er 80 m², 3ja herbergja íbúð að Stórholti á Ísafirði. Verð kr. 5.900.000. Upplýsingar í síma 456 4727.

Til sölu er **Toyota 4Runner** árg. 91. Góður bíll. Skipti á ódýrari koma til greina. Upplýsingar í síma 456 7564.

Til leigu er 3ja herbergja íbúð á Ísafirði. Upplýsingar í síma 456 7383.

Til sölu eru nýleg Rossignol **skíði,** 150 sm., með bindingum, stöfum og klossum nr. 39-40 (25,5 sm). Verð kr. 15.000. Einnig er til sölu dökkblár, ónotaður, loðfóðraður **snjógalli** nr. 12. Verð kr. 5.000. Upplýsingar í síma 456 4078.

Til sölu er **antic-sófasett.** Upplýsingar í síma 456 4278.

Til sölu eða leigu er einbýlishús að Völusteinsstræti 28 í Bolungarvík. Upplýsingar í símum 456 7561 eða 567 7279.

Til sölu er Yamaha 440 **vélsleði** árg. 1992. Upplýsingar í síma 456 7561.

Til sölu er hreinræktaður, ættbókarfærður persneskur **kettlingur.** Litur: Bluepoint. Upplýsingar gefa Ragnar eða María í síma 456 3807 eftir kl. 20.

Óska eftir að kaupa skoðaðan bíl á verðbilinu 15-50 þús. krónur. Allt kemur til greina. Á sama stað er til sölu **Volvo 244** DL árg. 1982 með bilaða vél. Upplýsingar í síma 456 3030.

Til leigu er 2ja herbergja íbúð, vel staðsett á Ísafirði. Áhugasamir vinsamlegast leggi inn upplýsingar fyrir 28. janúar nk., í pósthólf 350 á Ísafirði.

Gulllituð lyklakippa merkt ,,Key to my heart" hefur **tapast**. Finnandi er vinsamlegast beðinn að hafa samband í síma 456 3713.

Íbúð til sölu

Til sölu er jarðhæð að Túngötu 21 á Ísafirði. Íbúðin er 85 m², 3ja herbergja. Tvær geymslur eru í íbúðinni og ein sameiginleg geymsla. Þvottahús er sameiginlegt. Íbúðinni fylgir u.þ.b. 40 m² bílskúr. Sérinngangur er fyrir íbúðina.

Í forstofu eru flísar, í gangi er parkett, í svefnherbergjum er dúkur og parkett, í eldhúsi eru korkflísar og á baði eru flísar. Í stofu er teppi.

Góðir fataskápar eru í svefnherbergjum. Opnanlegir gluggar eru nýir. Skipt var um járn á þaki haustið 1996. Íbúðin er laus í vor. Verð kr. 6.900.000.-

Upplýsingar gefa Elín og Guðmundur í síma 456 4443.

Til sölu

Til sölu vegna breytinga hjá saltfiskvinnslu á Suðureyri.

Frystiklefi 5m² með frystibúnti. Verð kr. 320.000. Still lyftari, kr. 350.000.- Ishida 30 kg vog, kr. 100.000.- Ellefu stykki 660 ltr. kör, kr. 120.000.- og geislatæki fyrir vatn, kr. 40.000.

Upplýsingar gefur Sigurður Ólafsson í síma 456 6238.

Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður skrifar

Ólafur í Undralandi

Undanfarið hefur borið á því að Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri í Bolungavík hafi haldið fram þeirri söguskoðun að enginn ágreiningur hafi verið um þá ákvörðun bæjarstjórnar að selja hlutabréf Ósvarar hf í marsmánuði 1995. Aðeins hafi verið deilt um það hverjum ætti að selja en ekki hvort. Ég hef kosið til þessa að leiða hjá mér þessi ummæli, enda hef ég tekið þá ákvörðun að draga mig úr fremstu víglínu í bæjarmálum og einbeita mér að landsmálunum.

Öllu er þó takmörk sett og í Bæjarins besta í síðustu viku heldur bæjarstjórinn áfram að skýra liðna atburði úr eigin Undralandi og býður lesendur blaðsins í tepartý að hætti ævintýrisins, þar sem öllu er snúið á hvolf, hið fáránlega verður normal , staðreyndir verða afstæðar og veruleikinn er sá einn sem sögumaður vill hverju sinni.

Vitnisburður í Undralandi

Víst er það svo að Ólafur hefur áður flúið inn í sitt Undraland þegar á hefur bjátað. Minnist ég þess við yfirheyrslur í Ósvararmálinu svokallaða, málaferlum sem bæjarmálaflokkur Sjálfstæðisflokksins undir forystu Ólafs hrinti af stað. Þá var til athugunar hlutur stjórnar Ósvarar í ákvörðunartöku um leigu aflaheimilda.

Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri var þá einnig stjórnarformaður Ósvarar. Brá svo við að hann vildi ekki kannast við hlut sinn í þeirri ákvörðun og talaði úr sínu Undralandi við yfirheyrslurnar fyrir dómi og tókst að vera tvísaga og reyndar þrísaga í sömu yfirheyrslunni. Aðrir stjórnarmenn sem yfirheyrðir voru þekktu ekki heim Ólafs Kristjánssonar og sögðu aðra sögu og allir þá sömu. Niðurstaða dómsins var sú að framburður stjórnarformannsins var fullkomlega utan veruleikans og að engu hafandi. Er það að furða að bæjarstjórinn og

Kristinn H. Gunnarsson.

stjórnarformaðurinn hafi ætlað að hunsa kvaðningu dómsstólsins og koma sér hjá því að bera vitni, hann var nefnilega kominn á flugvöllinn á Ísafirði með farseðilinn í hendinni þegar hann átti að vera mættur fyrir héraðsdómi Vestfjarða. Þurfti að senda lögregluna eftir bæjarstjóranum og sækja hann til þess að bera vitni. Má bjóða þér meira te, Ólafur, gæti hattarinn hafa sagt í Undralandi.

Sala hlutabréfa í Undralandi

Fullyrðing bæjarstjórans um það að allir flokkar hafi á útmánuðum 1995 viljað selja hlutabréf bæjarsjóðs í útgerðarfélaginu Ósvör er absúrd, þótt efalaust sé hún hin fegursti veruleiki í Undralandi Ólafs. Það er einfaldlega ósannindi að halda því fram. Segja má að almennt hafi menn verið þeirrar skoðunar að til framtíðar litið væri það ekki hlutverk bæjarsjóðs að eiga ráðandi hlut í útgerðarfélaginu, en fjarri því er að það jafngildi því að menn hafi viljað selja þá og þegar. Öðru nær, það var fullkomlega ótímabært að grípa til þeirra aðgerða. Gleymum því ekki að tilgangurinn með stofnun Ósvarar var að tryggja yfirráð heimamanna yfir aflaheimildunum. Sala á hlut bæjarsjóðs varð því að vera til aðila sem tryggðu það markmið. Aflaheimildirnar voru keyptar á háu verði og því var Ósvör hf mjög skuldsett fyrirtæki. Sala á hlut bæjarsjóðs varð að bæta fjárhagsstöðu fyrirtækisins ef ávinningur átti að vera af aðgerðinni. Engar almennar forsendur voru fyrir sölu á hlut bæjarsjóðs í Ósvör á þessum tíma. Ég lagðist gegn því svo og fulltrúi Framsóknarflokksins. Það var margt sem mælti gegn sölu til Aðalbjarnar Jóakimssonar eins og gert var í marsmánuði 1995.

Það fyrsta var að fjárhagsstaða fyrirtækisins veiktist við söluna þar sem því var gert að kaupa annað fyrirtæki sem var komið að fótum fram fjárhagslega og megnið af skuldum þess hengt á Ósvör. Í öðru lagi fólst í því að ákveðið var að byggja upp fiskvinnslu í stíl stóru frystihúsanna. Það reyndist mikið glapræði eins og raunar fyrirsjáanlegt var. Á tveimur árum nam hallareksturinn hundruðum milljóna króna.

Í þriðja lagi var söluverðið hlægilegt. Verð á kvóta var stígandi og hafði hækkað nokkuð frá því að bæjarsjóður keypti togarana ásamt kvóta tveimur árum fyrr. Miðað við söluverð kvóta á þessum tíma var eigið fé Ósvarar nokkurt og hlutur bæjarsjóðs var þá virtur á 120 milljónir króna en var seldur á 35 milljónir króna, auk þess sem bæjarsjóður losnaði undan loforði um 22 milljóna króna hlutabréfakaup í væntanlegri hlutafjáraukningu og fékk því endurgreitt veitt lán til fyrirtækisins. Þetta var mikið tombóluverð og sýnir svo ekki verður um villst að Ólafi og félögum hafi ekki verið treystandi fyrir hagsmunum bæjarbúa og bæjarsjóðs. Þeir vissu sem aðrir að kvótaverð var stígandi og allt benti til þess að svo yrði áfram. Í nýlegri blaðagrein setti ég fram það mat að umræddur eigarhlutur væri um 400 milljóna króna virði nú, reyndar hef ég fengið ábendingar um að það sé trúlega vanmat og verðmætið sé nær því að vera 500 - 600 milljónir króna virði. Það eru ekki miklir gæfumenn sem selja 4 krónur á 1 krónu og síðan fjórfaldast til fimmfaldast 4 krónurnar á tveimur árum. Útkoman er að 16 krónur fást fyrir hverja krónu sem bæjarsjóður seldi.

Loks gagnrýndi ég sölu hlutabréfanna þar sem ég var andvígur því að breyta almenningshlutafélagi með dreifðri eignaraðild í einkafyrirtæki. Því fylgir sú hætta að almannahagsmunir víki fyrir einkahagsmunum. Það var nákvæmlega sem gerðist. Með því að einkavæða Ósvör voru almannahagsmunir ofurseldir græðgi og sérhyggju. Stofnað var til atvinnurekstrar sem rekinn var með botnlausu tapi og stefnir í að frystihúsinu verði lokað innan skamms, aflaheimildarnar að miklu leyti á bak og burt og verðmætin í þeim fólgin komin ofan í vasa á bjargvættinni sem svo aftur er fluttur í millahverfi í Reykjavík.

Andstaðan við sölu aflaheimildanna var fyrir hendi, gagnrýnin var sett fram og má m.a. lesa um það í Morgunblaðinu 11. mars 1995 í frásögn blaðsins af bæjarstjórnarfundi daginn áður þar sem málið var afgreitt í ágreiningi með 5 atkvæðum gegn 2. Það er því fremur ómerkilegt af Ólafi Kristjánssyni að halda ítrekað öðru fram ef hann er með réttu ráði, en ég hallast fremur að því að Ólafur sé á reiki í Undralandi sínu og tali þaðan eftir bestu vitund.

Framboð í Undralandi

Hér hef ég eiginlega lokið erindi mínu, að bera til baka þennan dæmalausa málflutning sem oddviti Sjálfstæðismanna í Bolungavík hefur uppi í umdeildasta og mikilvægasta málinu sem til kasta bæjarstjórnarinnar kom á kjörtímabilinu. Það var nefnilega höfuðmálið við síðustu bæjarstjórnarkosningar hvernig taka skyldi á atvinnumálunum. Sjálfstæðisflokkurinn fékk skýrt umboð í þeim kosningum og var treyst fyrir fjöreggi bæjarbúa. Við blasir hvernig til hefur tekist, verr en nokkur maður hefði getað ímyndað sér. Líklega hefur atvinnumálum ekki verið verr komið alla þessa öld. Kvótinn að mestu á bak og burt, sjómannastéttin í upplausn og deilur um gerðir meirihluta bæjarstjórnar hafa skekið bæjarfélagið og valdið flokkadráttum sem aldrei fyrr. Við þessar aðstæður les ég að foringi þeirra sjálfstæðismanna ætlar aftur í framboð og vill vera bæjarstjóri áfram.

Hvað er það sem er óunnið af óþurftarverkum íhaldsins ? Ég mæli með því að Ólafur láti sér duga að vera í framboði í Undralandi.Þeir sem farið hafa með stjórn bæjarfélagsins síðustu 4 ár ættu ekki að huga að því að bjóða sig fram til bæjarstjórnar, ef þeir hafa hag bæjarbúa að leiðarljósi. Nú er þörf á því að menn setji niður deilur í bæjarfélaginu og snúi bökum saman um uppbyggingu í atvinnumálum.

Áframhaldandi flokkadrættir er vísasta leiðin til glötunar og það verður enginn friður um gamla íhaldssettið, sérstaklega ekki í Sjálfstæðisflokknum.

Kristinn H. Gunnarsson.

„Fullyrðing bæjarstjórans um það að allir flokkar hafi á útmánuðum 1995 viljað selja hlutabréf bæjarsjóðs í útgerðarfélaginu Ósvör er absúrd, þótt efalaust sé hún hin fegursti veruleiki í Undralandi Ólafs."

Hefurðu hugleitt
hvað Hótel Loftleiðir og Hótel Esja bjóða umfram önnur hótel?
Brottfararskírteini í millilandaflug daginn fyrir brottför
Vildarpunktar
Frían ferðir í Kringluna
Innisundlaug og ein fullkomnasta líkamsrækt Norðurlanda, Planet Pulse
Öll herbergi búin nýjum fullkomnum hótelsjónvörpum
Fjölbreytt herbergjaúrval
Sérhannaðar Skáldastofur
Saga Class stofur
Viðsýnisstofur
Funda- og ráðstefnusalir í sérflokki
Sértilboð
Hótel og bíll frá kr. 4.200**
Allt þetta og miklu meira
Verð frá 3.900 kr.*
FLUGLEIÐIR
Hertz
Bílaleiga
ICELANDAIR HOTELS
LOFTLEIÐIR • ESJA
Grænt númer 800 6322, sameiginlegur bókunarsími 50 50 162
Nánari upplýsingar á síðu 708 í textavarpi Ríkissjónvarpsins
*Nóttin í eins manns herbergi - **Verð á mann í tveggja manna herbergi og glæsibílfreld frá Bílaleigu Flugleiða. Innif. 100 km akstur, trygging og vsk.

SVÆÐISSKRIFSTOFA MÁLEFNA FATLAÐRA VESTFJÖRÐUM

Vaktavinna

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra óskar eftir starfsfólki til starfa í sambýlum Bræðratungu. Um er að ræða vaktavinnu og er vinnutími á kvöldin og um helgar. Það vantar fólk í 60% starf frá 1. febrúar. Einnig vantar í önnur minni hlutastörf og er vinnutími eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar veitir Sóley Veturliðadóttir í síma 456 3290. Umsóknareyðublöð liggja frammi á Svæðisskrifstofunni, Mjallargötu 1, Ísafirði. Umsóknarfrestur er til 26. janúar 1998.

Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Fjórðungssjúkrahús og heilsugæslustöðvar

Ræstitækna

(starfsfólk til ræstinga)

í fastar stöður frá 1. febrúar 1998

Um er að ræða ræstingar:

Í kjarnabyggingu sjúkrahússins 2. og 3. hæðar í 100% stöðu frá kl. 11-19 virka daga.

Við ýmsar ræstingar á sjúkrahúsinu (ræstingar, hreingerningar, afleysingar, aðstoð við aðra ræstitækna o.fl.) í 60-100% stöðu í dagvinnu.

Einnig við ræstingar og býtibúrsvinnu:

Á bráðadeild sjúkrahússins í 140% stöðu í dagvinnu, þ.e. stöður fyrir tvo starfsmenn (önnur hver helgi unnin).

Á öldrunarlækningadeild sjúkrahússins í 140% stöðu í dagvinnu þ.e. stöður fyrir tvo starfsmenn (önnur hver helgi unnin).

Umsóknarfrestur er til 29. janúar 1998.

Gert er ráð fyrir fræðslu og sýnikennslu í meðferð ræstingaráhalda, skúringar- og bónvéla og reglna um ræstingar á sjúkrastofnunum fyrir þá sem ekki hafa fyrri reynslu.

Fyrri auglýsingar FSÍ vegna ræstinga eru ógildar.

Umsóknum skal skila til hjúkrunarforstjóra sjúkrahússins á eyðublöðum sem fást í afgreiðslu spítalans.

Nánari upplýsingar veita hjúkrunarforstjóri sjúkrahússins eða ræstingarstjóri í síma 450 4500.

Eldhús

Vegna skipulagsbreytinga óskar stofnunin eftir að ráða ***aðstoðarmatráðsmann*** *í 100% starf.* ***Starfsfólk*** *til almennra starfa í eldhúsi. Hlutastörf koma til greina. Umsóknum skal skila til yfirmatráðsmanns, Birgis Jónssonar á eyðublöðum sem fást í afgreiðslu spítalans.*

Yfirmatráðsmaður veitir einnig nánari upplýsingar um störfin í vs. 450 4560 eða hs. 456 4062 á kvöldin.

Herdís Hubner kennari á Ísafirði skrifar

Lestrarátak í Grunnskólanum

Eins og áður hefur komið fram í fréttum, fer í vetur fram mikið lestrarátak í Grunnskólanum á Ísafirði. Um tilganginn þarf vart að fjölyrða, lestur er undirstaða annars bóknáms, og nauðsynlegt að ná góðum tökum á lestri ef eftirleikurinn á að ganga vel.

Átak þetta var undirbúið s.l. vetur og hefur ýmislegt verið gert nú á þessu skólaári til þess að bæta lestrarkunnáttu nemenda. Yngstu nemendurnir, í 2.-7. bekk hafa verið hraðaprófaðir á 6 vikna fresti og fylgjast þeir með framförunum á línuriti, hver fyrir sig. Auk þess eru ýmis önnur verkefni í gangi sem eiga að hvetja nemendur til bóklesturs, mismunandi eftir bekkjum.

Þessi hraðapróf eru ekki eingöngu til þess ætluð að fylgjast vel með framförum nemenda í lestri, þau hafa líka örvandi og hvetjandi áhrif á nemendur, foreldra og kennara og auk þess draga þau úr prófskrekk barnanna, þar sem þau venjast því að taka hraðlestrarpróf og það verður hversdagslegur hlutur.

Jafnframt hraðaprófunum taka nemendur líka lesskilningspróf a.m.k. einu sinni um veturinn, enda ekki síður mikilvægt að fylgjast með lesskilningnum. Reyndar er það svo að mikil fylgni er á milli lesskilnings og leshraða, þótt það sé ekki algilt.

Í elstu bekkjunum voru lögð fyrir hraðapróf og lesskilningspróf snemma í haust, til að kanna stöðuna í þeim árgöngum sem ekki hafa fengið beina lestrarkennslu í nokkurn tíma.

Guðni Kolbeinsson íslenskufræðingur hélt námskeið fyrir kennara í október, hann hefur ásamt Fjölni Ásgrímssyni samið námsefni í hraðlestri, ætlað unglingum. Um er að ræða lestrarbækur og vinnubækur sem nefnast „Lestu nú". Þeir hafa samið sams konar námsefni ætlað framhaldsskólanemum, sem nefnist "Lestu betur."

Í framhaldi af heimsókn Guðna var haldið hraðlestrarnámskeið fyrir alla nemendur 9. bekkjar og þá sem mest þurftu á að halda í 10. bekk. Árangurinn lét ekki á sér standa, allir juku leshraða sinn að miklum mun, og mörg dæmi um að nemendur hafi tífaldað hraðann, t.d. farið úr 300 orðum á mínútu upp í 3000 orð! Námskeiðið fór fram fyrir áramót og verður því svo fylgt eftir á vorönn með hraðaprófum öðru hverju, svo að tryggt sé að árangurinn tapist ekki niður. Ákveðið hefur verið að gera þetta hraðlestrarnámskeið að föstum lið hjá nemendum 9. bekkjar á komandi árum.

Hugmyndir hafa komið fram um að bjóða öllum nemendum 10. bekkjar í vetur slíkt námskeið utan skólatíma, en þá þyrfti að selja þeim námsefnið sem er nokkuð dýrt, og hefur ekki verið tekin ákvörðun um það enn.

Nemendur 8. bekkjar fá þetta námskeið því næsta vetur, en nú í vetur verður byrjað að undirbúa þá með ýmsum æfingum og verkefnum, sem tengjast námsefninu í „Lestu nú". Auk þess náðust samningar við Bæjarbókasafnið á Ísafirði, sem býður nemendum ókeypis bókasafnsskírteini, og hefur þar að auki opið fyrir þessa nemendur á skólatíma þeirra. Er það von manna að nemendur verði duglegir að nýta sér þetta góða boð Bókasafnsins.

Af ofansögðu má sjá, að

Grunnskólinn á Ísafirði.

það er ýmislegt verið að gera í skólanum til þess að bæta lestrarfærni nemenda. Það eitt og sér dugir þó skammt til árangurs, ef ekki fylgir með hvatning og örvun frá foreldrum. Allar kannanir sem gerðar hafa verið um það efni, benda eindregið til þess að það sé heimalesturinn sem skiptir sköpum um árangur. Ef hann vantar og ef börnin eru ekki hvött og studd dyggilega við lestrarnámið heima, þá er ekki hægt að vænta góðs árangurs. En góð samvinna skólans og heimilanna í þessu lestrarátaki getur vonandi skilað góðum alhliða námsárangri barnanna á næstu árum.

-Herdís Hubner.

Útboð

F.h. húsfélagsins að Stigahlíð 2-4, Bolungarvík, er auglýst eftir tilboðum í endurnýjun neysluvatnslagna í fjölbýlishúsinu að Stigahlíð 2-4.

Útboðsgögn verða seld á kr. 1.000 á skrifstofu Bolungarvíkurbæjar, Ráðhúsinu, Aðalstræti 12, Bolungarvík frá og með föstudeginum 23. janúar nk.

Opnun tilboða verður þriðjudaginn 3. febrúar nk., kl. 11:00 á sama stað.

Bæjartæknifræðingur.

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Erum með til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

Verslun til sölu

Verslunin Í-Sport, Ljóninu, Skeiði, er til sölu.

Upplýsingar í síma 456 4340 eftir kl. 19.

Helgar-dagskráin

Helgar-veðrið

Helgar-sportið

FIMMTUDAGUR

09.00	Línurnar í lag
09.15	Sjónvarpsmarkaðurinn
13.00	Línudans (e)
15.20	Nærmyndir (e)
16.00	Eruð þið myrkfælin?
16.25	Steinþursar
16.50	Með afa
17.40	Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00	Fréttir
18.05	Nágrannar
19.00	19>20
19.30	Fréttir
20.00	Ljósbrot
20.35	Systurnar (13:28)
21.30	Morðsaga (13:18)
22.30	Kvöldfréttir
22.50	Stræti stórborgar (17:22)
23.40	Línudans (e)
01.40	Martröð í Álmstræti (1)

FÖSTUDAGUR

09.00	Línurnar í lag
09.15	Sjónvarpsmarkaðurinn
13.00	Stræti stórborgar (16:22) (e)
13.45	Þorpslöggan (9:15) (e)
15.05	Ellen (8:25) (e)
15.35	NBA tilþrif
16.00	Skot og mark
16.25	Töfravagninn
16.50	Steinþursar
17.15	Glæstar vonir
17.35	Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00	Fréttir
18.05	Tónlistarmyndbönd ársins 1997
19.00	19>20
19.30	Fréttir
20.00	Lois og Clark (18:22)

Sjallinn
Café - Restaurant
Bar

UM HELGINA

STUÐBANDIÐ
Miðnes
Föstudags- og laugardagskvöld
18 ár STUÐ STUÐ STUÐ 18 ár

Á NÆSTUNNI Í BÍÓ

ÍSAFJARÐARBÍÓ

EVENT HORIZON
ÞRUSUSPEISARI
Fimmtudag kl. 9
Sunnudag kl. 10
bönnuð innan 16
KOMDU Í BÍÓ!

UM HELGINA
DISKOTEK
Á LAUGARDAGSKVÖLD TIL 03

Ert þú að leita að: spennumúsiksannsögugamandramahryllingsfræðsluævintýravísandabarnateiknimynd?

Opnunartími
í Vídeóhöllinni
Frá kl. 16:00 til kl. 19:00
og frá kl. 20:00 til kl. 23:30
alla daga
Verð á myndböndum:
Nýjar myndir kr. 400,- (ein eldri frí með)
Eldri myndir kr. 200,- (yfir 3500 myndir)
Teiknimyndir kr. 100,-
Mikið úrval af myndum
og góð þjónusta!
Vandaðu
til verks...
... verslaðu í
Vídeóhöllinni
Vídeó Höllin
– við Norðurveg
456 4853

20.55 Sumar á ströndinni
22.55 Mulholland-hæðir
00.45 Gildran (e)
02.15 Martröð í Álmstræti (2)

LAUGARDAGUR

09.00 Með afa
09.50 Andinn í flöskunni
10.15 Bíbí og félagar
11.10 Sjóræningjar
11.35 Dýraríkið
12.00 Beint í mark með VISA
12.30 NBA molar
13.20 Ernest verður hræddur (e)
14.50 Enska bikarkeppnin
16.55 Oprah Winfrey
17.45 Glæstar vonir
18.10 60 mínútur (e)
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.00 Vinir (23:25)
20.30 Cosby (14:25)
21.00 Sannleikurinn um hunda og ketti
22.45 Mary Reilly
00.35 Gusugangur (e)
02.25 Martröð í Álmstræti (3)

SUNNUDAGUR

09.00 Sesam opnist þú
09.30 Ævintýri Mumma
09.45 Disneyrímur
10.35 Spékoppur
10.55 Úrvalsdeildin
11.25 Ævintýrabækur Enid Blyton
11.50 Madison (17:39) (e)
12.15 Tónlistarmyndbönd ársins 1997 (e)
13.00 Íþróttir á sunnudegi
16.00 Bikarkeppni KKÍ
17.40 Glæstar vonir
18.05 Barbara Walters (e)
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.00 Seinfeld (18:24)
20.30 Heima
Sigmundur Ernir heimsækir Baltasar Samper og frú.
21.00 Rósahöllin
23.00 Ameríski fótboltinn

FIMMTUDAGUR

14.20 Skjáleikur
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Undrabarnið Alex (11:13)
19.00 Úr ríki náttúrunnar
19.30 Íþróttir 1/2 8
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Dagsljós
21.05 Frasier (17:24)
21.30 ...þetta helst
22.10 Ráðgátur (16:18)
23.00 Ellefufréttir
23.15 Króm

FÖSTUDAGUR

14.45 Skjáleikur
16.10 Leiðarljós
17.30 Fréttir
18.00 Þytur í laufi (26:65)
18.30 Fjör á fjölbraut (9:26)
19.30 Íþróttir 1/2 8
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Dagsljós
21.10 Heimkoman
(The Return of the Native)
Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1995 byggð á skáldsögu eftir Thomas Hardy um ástir ungrar konu sem býr hjá afa sínum í enskri sveit og manns sem er nýfluttur heim eftir fimm ára dvöl í París.
22.50 Stockinger (7:14)
23.45 Óp í myrkri
(A Cry in the Dark)
Áströlsk/bandarísk bíómynd frá 1988 byggð á sannri sögu ástralskrar konu sem var sökuð um að hafa myrt barn sitt en hélt því fram sjálf að villihundur hefði haft það á brott með sér.
01.45 Ráðgátur (16:18)
02.30 Útvarpsfréttir
02.40 Skjáleikur

LAUGARDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.35 Viðskiptahornið
10.50 Þingsjá
11.15 Skjáleikur
16.00 Íþróttaþátturinn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Dýrin tala (19:39)
18.25 Hafgúan (6:26)
18.50 Bernskubrek (3:6)
19.20 Króm
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.35 Lottó
20.45 Enn ein stöðin
21.15 Beint á ská
(Naked Gun)
Bandarísk gamanmynd frá 1988 um erkiflónið og lögregluforingjann Frank Drebin og ævintýri hans.
22.45 Hvíta höllin
(White Palace)
Bandarísk bíómynd frá 1990 um ungan ekkjumann sem fellur flatur fyrir afgreiðslustúlku á veitingahúsi.

SUNNUDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
12.25 Heimsbikarmót í svigi
13.20 Forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu
15.00 Þrjú-bíó
16.30 Orson Welles í Lundúnum
17.00 Hreiðar heimski
17.25 Nýjasta tækni og vísindi
18.00 Stundin okkar
18.30 Milli vina (1:11)
19.00 Geimstöðin (11:26)
20.30 Sunnudagsleikhúsið
Dómínó
22.30 Helgarsportið
22.55 Söðlað um
(Crossing the Floor)
Breskt sjónvarpsleikrit frá 1996.

NRK 1

Laugardagur 24. janúar kl. 10:45-18:00
World Cup á skíðum
Sunnudagur 25. janúar kl. 09:25
World Cup á skíðum
Sunnudagur 25. janúar kl. 14:00
Manchester City - West Ham
Sunnudagur 25. janúar kl. 16:30
Stevenage - Newcastle
Mánudagur 26. janúar kl. 20:05
Sheffield Wednesday - Blackburn

TV 3 - DANMÖRK

Sunnudagur 25. janúar kl. 13:00
Ítalski boltinn

TV2 - NOREGUR

Laugardagur 24. janúar kl. 14:45
Middlesborough - Arsenal

TV 1000

Laugardagur 24. janúar kl. 22:30
HM í hnefaleikum í millivigt

TV3 - NOREGUR

Sunnudagur 25. janúar kl. 22:30
Ameríski boltinn - Super Bowl (beint)

Horfur á fimmtudag:
Hæg vestlæg átt, hiti 0-3 stig allra vestast en annars 1-6 stiga frost.

Horfur á föstudag:
Suðlæg átt, skýjað að mestu og hiti 1-4 stig vestan til en hæg vestan átt, léttskýjað og vægt frost austan til.

Á laugardag, sunnudag og mánudag:
Suðlæg átt, fremur milt og víða rigning, einkum þó sunnan og vestan til

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Verkalýðsfélagið Baldur telur aðgerðir stjórnenda Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar gegn starfsfólki í ræstingu og eldhúsi siðlausar og í engu samræmi við þær væntingar sem síðustu kjarasamningar gáfu fólki.

Stjórn Verkalýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði

Hörð mótmæli gegn launalækkun hjá Heilbrigðisstofnuninni

Stjórn Verkalýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði hefur sent frá sér hörð mótmæli vegna þeirra aðferða og aðgerða sem stjórnendur Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar hafa beitt almennt starfsfólk í ræstingu og eldhúsi með lækkun launa og meira vinnuálagi, sem samkomulag hefur gilt um undanfarin ár, eins og segir í frétt frá félaginu. Stjórn félagsins hefur óskað eftir fundi með Samninganefnd ríkisins vegna þessa máls, þar sem reynt verði að fá fram nánari skilgreiningu á rétti starfsmanna. Að öðrum kosti muni félagið leita réttar á öðrum vettvangi.

Í samþykkt stjórnar Baldurs segir ennfremur: ,,Á sama tíma og laun betur settra starfsmanna eru hækkuð, er láglaunahópum í stofnuninni sagt upp störfum og síðan boðin endurráðning í allt önnur og erfiðari störf og jafnvel á lægri launum. Að öðrum kosti geti þeir leitað sér annarra starfa.” Stjórn Baldurs er þess fullviss að félagar í Baldri, sem starfa á sjúkrahúsinu og heilsugæslustöð, séu tilbúnir til að taka þátt í að finna sparnaðarleiðir í rekstri stofnunarinnar til jafns við aðra. Þá telur stjórn Baldurs, aðgerðir stjórnenda Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar siðlausar og í engu samræmi við þær væntingar sem síðustu kjarasamningar gáfu fólki. Stjórn félagsins hefur samþykkt að leita allra leiða til að koma í veg fyrir endurteknar árásir á laun og kjör starfsfólks stofnunarinnar.

Í bréfi sem stjórn Verkalýðsfélagsins Baldurs hefur sent Gunnari Björnssyni, formanni Samninganefndar ríkisins, segir að hér sé um að ræða einhliða breytingu vinnuveitenda á verkefnum starfsfólks, sem felur í sér verulega meira álag á hvern starfsmann og um leið kjararýrnun vegna lækkunar starfshlutfalls og fækkun álagstíma. ,,Starfsfólk og verkalýðsfélag reyndu í sameiningu að ná samkomulagi um breytingar innan skynsamlegra marka, en án árangurs. Stofnunin greip þá til þess ráðs að segja öllu starfsfólki í þessari grein upp störfum og auglýsa störfin á ný til að komast hjá eðlilegu samráði við hinn samningsaðilann. Nú er haldið áfram þessari einhliða ,,hagræðingu”. Öllu starfsfólki í eldhúsi hefur verið sagt upp, þar sem það beygði sig ekki undir einhliða tillögur yfirmanna,” segir m.a. í bréfinu.

,,Aðrir láglaunahópar sjúkrahússins og félagar í Verkalýðsfélaginu Baldri, hljóta í framhaldi af því sem þegar hefur átt sér stað, að óttast mjög um sinn hag. Því sparnaði þeim sem stjórn stofnunarinnar hefur sett sér virðist eiga að ná öllum með auknu álagi á okkar fólk. Það er enn og aftur sama sparnaðarleiðin sem hefst á gólfinu og endar á gólfflísunum,” segir í bréfi Verkalýðsfélagsins Baldurs.

,,Hér er um eðlilegar hagræðingaaðgerðir að ræða í ljósi erfiðrar rekstarstöðu. Það er verið að vinnna að svipuðum breytingum í fjölmörgum fyrirtækjum og stofnunum í landinu. Það hefur engum verið sagt að hann missi vinnuna, allir sem kæra sig um að vinna hjá okkar góðu stofnun fá það áfram," sagði Guðjón Brjánsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar, Ísafjarðarbæjar í samatali við blaðið.

Guðjón sagði að farið væri í einu og öllu eftir gildandi kjarasamningum og að ekki væri brotið á starfsfólki að nokkru leyti. ,,Það sem um er að ræða er breyting á vinnutíma og viðleitni í þá átt að færa vinnuvenjur til eðlilegs horfs og jafna vinnuálag. Við höfum vikið frá upphaflegum markmiðum í þessu efni og boðið ýmislegar tilslakanir en án árangurs og verkalýðsfélagið hefur síður en svo komið fram sem sáttaaðili í málinu. Það mætti ætla af viðbrögðum Péturs formanns að það sé verið að innleiða nútíma þrælahald á stofnuninni. Það er ljóst af allri meðferð Péturs á málinu að hann skortir umtalsvert upp á að hafa yfirsýn yfir það sem um er að ræða. Ég býð honum hér með og hvet hann til þess að verja svona eins og hálfum degi með okkur og fylgjast með hvernig störfin ganga fyrir sig og hvað við í rauninni erum að fást við með þessum skipulagsbreytingum,"sagði Guðjón Brjánsson.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Ísafjarðarflugvelli
Sími 456 3000
Gjugg í borg á Sólarkaffi Ísfirðinga

Klippingar
Strípur
Permanett
Verið velkomin!
HÁR & HITT
Hárgreiðslustofa
Pollgötu 4 Ísafirði Sími 456 5191

Ódýrar ferðir á Sólarkaffið í Reykjavík
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

PÓLLINN HF.
JAPIS-útsalan
PÓLLINN HF. í fullu gildi hjá okkur!
Sími 456 3092 • Verslun 456 4594